



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Postnikova og Rozhdestvenskíj

30. apríl 2015





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

Tónleikunum er sjónvarpað beint í tilraunaskyni til allra notenda Sjónvarps Símans og verða aðgengilegir í Tímaflakkinu í 24 tíma.

## Áætluð tímalengd verka:

*Pulcinella*: 22'00"

*Píanókonsert*: 24'40"

*Hljómsveitarsvíta*: 40'00"

Mynd á kápu:

Margrét Þorsteinsdóttir, fiðla, Dóra Björgvinsdóttir, fiðla, Þórdís Stross, fiðla, Sesselja Halldórsdóttir, víóla, Gunnhildur Daðadóttir, fiðla, Guðrún Þórarinsdóttir, víóla, Þórarinn Már Baldursson, víóla.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

# Postnikova og Rozhdestvenskíj

Tónleikar í Eldborg 30. apríl 2015 » 19:30

**Gennadíj Rozhdestvenskíj** hljómsveitarstjóri  
**Viktoria Postnikova** einleikari

**Ígor Stravinskíj**

***Pulcinella, svíta (1922/1949)***

*Sinfonia*

*Serenata*

*Scherzino*

*Tarantella*

*Toccata*

*Gavotta (con due variazioni)*

*Vivo*

*Minuetto-Finale*

**Sergej Rakhmaninov**

***Píanókonsert nr. 4 í g-moll, op. 40 (1926/1941)***

*Allegro vivace*

*Largo*

*Allegro vivace*

Hlé

**Pjotr Tsjajkovskíj**

***Hljómsveitarsvíta nr. 3 í G-dúr, op. 55***

*Élégie: Andantino molto cantabile*

*Valse mélancolique: Allegro moderato*

*Scherzo: Presto*

*Tema con variazioni: Andante con moto*

## Gennadíj Rozhdestvenskíj

hljómsveitarstjóri



Gennadíj Rozhdestvenskíj fæddist í Moskvu árið 1931. Foreldrar hans voru hljómsveitarstjórinn og kennarinn Nikolai Anosov og sópransöngkonan Natalya Rhozhdestvenskaja. Hann nam hljómsveitarstjórn hjá föður sínum og píanóleik hjá Lev Oborin í Tónlistarháskólanum í Moskvu. Í upphafi tónlistarferils síns tók hann upp eftirnafn móður sinnar til að forðast að verða hyglað vegna ættartengsla.

Aðeins tvítugur að aldri var hann ráðinn til að stjórna ballettinum *Þyrnirós* eftir Pjotr Tsjajkovskíj í Bolshoi-leikhúsinu í Moskvu. Í kjölfarið gegndi hann stöðu fasts hljómsveitarstjóra næstu tíu árin og stöðu aðalhljómsveitarstjóra frá 1964 til 1970. Aldamótaárið 2000 var Gennadíj Rozhdestvenskíj skipaður tónlistarstjóri Bolshoi-leikhússins.

Rozhdestvenskíj var um árabíl aðalstjórnandi Útvarpshljóm-sveitarinnar í Moskvu og var fyrstur sovéskra stjórnenda til að gegna aðalhljómsveitarstjórstöðu á erlendri grundu. Starfaði hann sem slíkur í Stokkhólmi, Lundúnum og Vínarborg á árabílinu 1974–1995.

Gennadíj Rozhdestvenskíj hefur stjórnað frumflutningi fjölmargra verka landa sinna heimavið. Einnig frumflutti hann mörg rússnesk verk á vesturlöndum, meðal annars 4. sínfóníu Dmítríjs Shostakovítsj á Edinborgarhátíðinni 1962. Þá stjórnaði hann rússneskum frumflutningi á *Jónsmessunæturdraumi* Benjamins Britten. Mörg rússnesk tónskáld hafa tileinkað honum verk sín, þeirra á meðal er Sofia Gubaidulina.

Gennadíj Rozhdestvenskíj er goðsögn í lifanda lífi. Hann er yfirburða tónlistarmaður og hljómsveitarstjóri. Slagtækni hans er áreynslulaus og skýr. Reyndar stjórnar hann mestmegnis með nærveru sinni enda er útgeislun hans einstök og óviðjafnanleg. Munnlegar músíkalskar leiðbeiningar hans eru fáar en auðskiljanlegar og æfingarnar stuttar en hnitmiðaðar. Galdurinn felst í yfirburðum hans og gagnkvæmu trausti hljómsveitar og stjórnanda.

## Viktoría Postnikova

einleikari



Viktoría Postnikova fæddist í Moskvu og kemur úr mikilli tónlistarfjölskyldu. Sem undrabarn hóf hún tónlistarnám í undirbúningsdeild Tónlistarháskólans í Moskvu sex ára gömul og þreytti frumraun sína á tónleikapalli í píanókonert eftir Mozart ári síðar. Hún lauk námi frá Tónlistarháskólanum 23 ára gömul og lék 1. píanókonert Chopins á Proms-tónleikum BBC í London sama ár.

Á fimm ára tímabili vann Postnikova til verðlauna í fjórum alþjóðlegum píanókeppnum; 1965 í alþjóðlegu Chopin keppninni í Varsjá, 1966 í Leeds keppninni, 1967 í Vianna da Motta-píanókeppninni í Lissabon og 1970 í hinn frægu Tsjaikovskíj-keppni í Moskvu.

Sem einleikari hefur Viktoría Postnikova komið fram með helstu hljómsveitum veraldar bæði austan hafs og vestan. Hún hefur einnig verið atkvæðamikill meðleikari og kammermúsíkant. Ferðaðist hún m.a. víða með fiðluleikaranum Yehudi Menuhin og spilaði með honum sönötur Mozarts, Beethovens, Brahms og Bartóks.

Postnikova vakti snemma athygli fyrir hljóðritanir sínar og hefur æ síðan verið eftirsótt af helstu hljómplötuútgefendum. Verkaskrá hennar er víðfeðm og hefur hún m.a. hljóðritað öll píanóverk Tsjaikovskíjs, Janáček og Glinka og píanókonert Busonis fyrir Erato-útgáfuna, alla þrjá píanókonerta Tsjaikovskíjs fyrir Decca, fiðlusónötur Richards Strauss og Busonis fyrir Chandos og alla píanókonerta Brahms, Chopins og Prokofíevs ásamt ýmsum öðrum verkum fyrir Melodiya útgáfufyrirtækið. Nýlegur geisladiskur með tónleikaupptöku á konsert fyrir fiðlu, píanó og strengjasveit eftir samtímatónskáldið Boris Tischenko hefur hlotið afar lofsamleg ummæli. Á honum leikur Viktoría Postnikova ásamt syni sínum Aleksandr Rozhdestvenskíj undir stjórn eiginmanns síns til fjórutíu og fimm ára, Gennadíj Rozhdestvenskíj.

---

### Tónlistin á Íslandi

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í marsbyrjun 1991 voru tvö verk Rakhmanínovs á efnisskránni – fjórði píanókonertinn í annarri gerðinni frá 1927 og óperan Monna Vanna. Voru bæði verkin hljóðrituð og gefin út af Chandos-útgáfunni sama ár. Þessi hljóðritun á næstelstu gerð píanókonertsins er einstök að því leyti, að hún er enn í dag sú eina sem fánleg er á hljómdiski.

## Ígor Stravinskíj

Pulcinella, svíta



Ígor Stravinskíj (1882–1970) samdi tónlistina við ballettinn um ítölsku þjóðsagnarpersónuna *Pulcinella* frá síðsumri 1919 fram á næsta vor og var verkið frumflutt af Ballets Russes við Parísaróperuna um miðjan maímánuð 1920. Forsagan er, að Sergej Diaghilev framkvæmdastjóri Rússneska ballettsins í París kom að máli við Stravinskíj vorið 1919 og stakk uppá að hann semdi ballett sem byggður væri á tónlist 18. aldar tónskáldsins Giovannis Battista Pergolesi. Stravinskíj maldaði fyrst í móinn en féllst á hugmyndina eftir að hafa skoðað lítt þekkt handrit Pergolesis.

Ballettinn markaði þáttaskil í tónsköpun Stravinskíjs en þetta var fyrsta verk hans í nýklassískum stíl sem fylgdi honum næstu áratugina. Verkið er líka sérstakt fyrir þá sök, að hljóm-sveitin samanstendur af aðeins 33 hljóðfæraleikurum, ólíkt risastórum hljóm-sveitunum í fyrri ballettunum, *Vorblóttinu*, *Eldfuglinum* og *Petrúska*. Þá fellst snilld höfundarins í því að nota laglínur og bassarödd Pergolesis að mestu leyti, en lita tónlistina með nútímalegum hljófum og snjöllum taktbreytingum.

### Tónlistin á Íslandi

*Sinfóníuhljóm-sveit Íslands lék Pulcinella-svítu Stravinskíjs í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu í júní 1954. Stjórnandi var Wilhelm Schleuning. Tólf árum síðar flutti hljóm-sveitin verkið undir stjórn Páls P. Pálssonar og aftur árið 1981 með þáverandi aðalhljóm-sveitarstjóra sínum Jean-Pierre Jacquillat. Í desember 1990 hljómaði ballettsvítan í tvisgang á grænum tónleikum Sinfóníunnar undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar en síðast heyrðist hún í túlkun Vladimirs Ashkenazy undir lok starfsársins 2004.*

Í ballettinum segir af napólísku þjóðsagnarpersónunni Pulcinella sem heillar allar stúlkurnar í bænum. Unnustar þeirra leggja í reiði sinni á ráðin um að koma Pulcinella fyrir kattarnef en hann sér við þeim og útvegar sér tvífarar sem eftir sýndardauða er lífgaður við af Pulcinella sem skipuleggur brúðkaup allra paranna og giftist sjálfur stúlkunni Pimpinellu.

Ballettinn var mikill sigur fyrir Stravinskíj sem sagði að þetta hefði verið ein af þessum uppfærslum þar sem allt gekk upp – þar sem allir innviðirnir, efnið, tónlistin, dansinn og listræn stjórnun skópu fullkomna heildarmynd. Stuttu síðar gerði hann hljóm-sveitarsvítu eftir ballettinum sem notið hefur mikilla vinsælda og hljómar nú hér á tónleikunum. Í henni notar hann átta af tuttugu þáttum ballettsins og færir söngradirnar þrjár, sópran, tenór og bassa, yfir í hljóm-sveitina sem samanstendur af tveimur flautum, óbóum, fagottum og hornum, einum trompet, einni básúnu, strengjakvintett og strengjasveit.



## Sergej Rakhmanínov

Píanókonsert nr. 4

Sergej Rakhmanínov (1873–1943) var einn glæsilegasti píanóvirtúós 20. aldarinnar og mikilhæfur hljómsveitarstjóri og tónskáld. Eftir hann liggja meðal annars þrjár símfóníur, nokkur kammerverk, þrjár stuttar óperur, sönglög, kórtónlist og fjölmörg píanóverk, þar af fimm verk fyrir píanó og hljómsveit; fjórir píanókonserter og *Rapsódían um stef eftir Paganini*. Langflest þessara verka samdi hann áður en hann flúði land eftir rússnesku byltinguna.

Rakhmanínov og fjölskylda hans yfirgaf ættjörð sína fyrir fullt og allt á köldum vetrardegi um jólaleytið árið 1917. Farartækið var opinn snjósleði sem bar fjölskylduna í vesturátt í gegnum Finnland. Í farangrinum var lítill taska sem geymdi meðal annars ófullgerða óperu Rakhmanínovs *Monna Vanna* og nokkrar skissubækur. Í einni þeirra var uppkast að fyrsta og síðasta kafla fjórða píanókonsertsins. Fjölskyldan dvaldi í Skandinavíu um eins árs skeið en flutti til Bandaríkjanna haustið 1918. Þar beið Rakhmanínovs erilsamur einleikaraferill sem gaf ekkert svigrúm til tónsmíða. Árið 1926 tók hann sér ársleyfi og tókst loks að ljúka við konsertinn í ágúst það ár.

Rakhmanínov flutti konsertinn með Filadelfíu-hljómsveitinni á þrennum tónleikum í mars árið eftir og fékk hann daufar viðtökur. Endurskoðuð útgáfa tónskáldsins á konsertinum árið 1927 og svo aftur 1941 bætti ekki miklu við vinsældir hans og naut verkið ekki sannmælis fyrr en á síðari hluta aldarinnar. Í dag er konsertinn lofaður sem einn innihaldsríkasti og forvitnilegasti konsert Rakhmanínovs.

Árið 2001 stjórnaði Vladimir Ashkenazy flutningi á frumgerð fjórða píanókonserts Rakhmanínovs í Helsinki og varpaði af því tilefni fram eftirfarandi spurningu í blaðaviðtali: „Af hverju gat Rakhmanínov ekki bara leyft konsertinum að standa eins og hann var?“

Á þessum tónleikum er konsertinn fluttur í gerð Rakhmanínovs frá 1941.

### Tónlistin á Íslandi

Flutningur píanókonsertsins á tónleikunum 1991 er eini opinberi flutningur Símfóníuhljómsveitarinnar til þessa. Einleikari var bandaríski píanóleikarinn William Black og hljómsveitarstjóri landi hans Igor Buketoff en hann var aðalstjórmandi hljómsveitarinnar veturinn 1964–65.

Hljómsveitin hafði þó einu sinni áður leikið 4. píanókonsert Rakhmanínovs í lokagerðinni frá 1941 en það var í hljóðritun sem gerð var í júnílok 1984 og kom út árið 1999. Íslandsvinurinn Martin Berkofsky sat við flygilinn og Páll P. Pálsson stjórnaði flutningnum en Bjarni Rúnar Bjarnason tónmeistari stjórnaði upptökunni með Þorbjörn Sigurðsson tæknimann sér til fulltingis.

## Pjotr Tsjajkovskij

Hljómsveitarsvíta nr. 3



Pjotr Tsjajkovskij (1840–1893) samdi fjórar hljómsveitarsvítur á árunum 1879–1887 í sífónísku sköpunarhléi sínu milli fjórðu og fimmtu sífóníunnar. *Mozartiana*, síðasta svítan í röðinni, er sú eina sem í einhverjum mæli hefur ratað inn á efnisskrár sífóníuhljómsveita og er það illskiljanlegt því að þær standa öðrum hljómsveitarverkum Tsjajkovskijs jafnfætis að hugmyndaauðgi og glæsileika.

Pjotr Tsjajkovskij (1840–1893) samdi þriðju hljómsveitarsvítuna árið 1884 á sama tíma og konsertfantasíuna í G-dúr fyrir píanó og hljómsveit. Hann hafði ferðast til Úkraínu með það að markmiði að semja sífóníu og píanókonsert á sveitasetri systur sinnar í Kamenka en áætlanir hans tóku aðra stefnu. Tsjajkovskij sá fljótlega að efniviður sífóníunnar hentaði betur fyrir hljómsveitarsvítu í anda tveggja fyrri verka hans af þeirri gerð. Vandamálið lá aðallega í upphafskaflanum sem bar titilinn *Andstæður* sem að lokum varð að síðari kafla konsertfantasíunnar. Brotthvarf kaflans úr svítunni olli því að hlutföllin í verkinu eru nokkuð óvenjuleg þar sem lokakaflinn, *Stef og tilbrigði*, er álíka langur og allir hinir kaflarnir til samans.

---

### Tónlistin á Íslandi

*Mozartiana*, fjórða og síðasta hljómsveitarsvíta Tsjajkovskijs, er sú eina sem hljómað hefur á tónleikum Sífóníuhljómsveitar Íslands. Bohdan Wodiczko stjórnaði henni fyrst í Háskólabíói haustið 1966 en Petri Sakari stýrði hljómsveitinni í síðara skiptið tæpum 25 árum síðar eða í ársbyrjun árið 1991.

Þriðja hljómsveitarsvíta Tsjajkovskijs var frumflutt í St. Pétursborg 28. janúar árið 1885 undir stjórn þýska hljómsveitarstjórans Hans von Bülow. Tsjajkovskij var sannfærður um að nýju svítunni yrði vel tekið en viðtökurnar fóru samt langt fram úr hans björtustu vonum. Í bréfi til velgerðarmanns síns Nadezhdu von Meck segir hann meðal annars: „Aldrei fyrr hef ég upplifað slíkan sigur. Ég sá að allur fjöldinn var snortinn og mér þakklátur. Svona augnablik eru þau dýrmætustu í lífi listamannsins. Þau gefa lífinu og erfiðinu tilgang.“

Í fyrsta kaflanum sem ber yfirskriftina *Harmljóð* gefur að heyra blíðar, syngjandi laglínur. Annar kaflinn er angurvær vals en sá þriðji glæsileg og dansandi gletta. Lokakaflinn sem er oft fluttur einn og sér er ágætt dæmi um frjóa sköpunargáfu Tsjajkovskijs og fullkomið vald hans á hljómsveitinni.

*Sigurður Ingvi Snorrason*



## Daði Kolbeinsson

Nærmynd



Síminn hringdi í London þar sem ég var við nám í Royal College of Music, geturðu flýtt þér til Reykjavíkur, það vantar óbóleikara fyrir tónleika eftir viku. Tveim dögum seinna voru útvarpsfréttirnar í gangi þegar ég kvaddi foreldra mína í Edinborg. Mamma heyrði minnst á Ísland en greip ekki hvað var í gangi „viltu passa þig!“ – Gos var að hefjast í Heimaey.

Þvílíkt tækifæri, að mega spila í góðri hljómsveit, ferðast um Ísland með líflegu fólki og svo voru svo mörg fjöll sem biðu manns. Ekki var skortur á góðum hljómsveitarstjórum; Jean-Pierre Jacquillat, Karsten Andersen og svo Bohdan Wodiczko sem ólst upp í kommúnísku Póllandi. Hann hikaði ekki við að senda flautuleikara heim sem mætti á æfingu í rauðri skyrtu; lét hann skipta um lit!

Svo kom Íslenska óperan og Blásarakvintett Reykjavíkur sem hefur nú spilað í yfir tuttugu löndum. Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands buðu mér einnig að spila einleikskonserta – draumaverkefni allra óbóleikara.

Ýmsir aðrir draumar hafa ræst – að fara Kjöl, Sprengisand og ófáa jökla á gönguskiðum. Annað sem Ísland býður upp á er fjöldi fallegra golfvalla, en ég leik golf oft og oft í seinni tíð.

Aldrei datt mér í hug þegar ég mætti á fyrstu æfinguna mína í Háskólabíói, að ég ætti eftir að njóta þess í yfir fjörutíu ár að spila með hæfileikaríkum og skemmtilegum félögum, giftast Sesselju víólu og enda í Hörpu!

# Hljómsveit á tónleikum

30. apríl 2015

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Nicola Lolli  
Sif Margrét Tulinius  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Andrzej Kleina  
Bryndís Pálsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Lin Wei  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Mark Reedman  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir

## 2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson  
Roland Hartwell  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
María Weiss  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Pétur Björnsson  
Christian Diethard  
Ágústa María Jónsdóttir  
Sólrún Gunnarsdóttir

## VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Ásdís Runólfsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir  
Kathryn Harrison  
Herdís Anna Jónsdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Júlia Mogensen  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Inga Rós Ingólfsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Lovisa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Melkorka Ólafsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Eydis Franzdóttir

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Ásgeir Steingrímsson

## BÁSÚNA

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason  
Pétur Grétarsson

Arna Kristin Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri  
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður



# Rómeó og Júlía

Rico Saccani snýr aftur

Mið. 13. maí » 19:30

Tryggið ykkur miða

**Pjotr Tsjajkovskij**

*Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur*

**Leonard Bernstein**

*Úr West Side Story*

**George Gershwin**

*Úr Porgy og Bess*

**Rico Saccani** hljómsveitarstjóri

Ástir, átök og örlög á vorkvöldi í Eldborg. Eitt frægasta tónverk Tsjajkovskíjs er byggt á Rómeó og Júlíu Shakespeares. Það á líka við um söngleikinn West Side Story eftir Bernstein en þar eru átökin færð til New York. Smellirnir Summertime og It Ain't Necessarily

So úr Porgy og Bess eftir Gershwin öðlast nýtt líf í litríkri útgáfu.

Rico Saccani var aðalstjórnandi Sí á árunum 1998–2002 og snýr nú aftur til að stjórna Sinfóníuhljómsveitinni, í fyrsta sinn um langt skeið.

*Seiðandi og kraftmikil tónlist Britten sækir innblástur  
í ólgandi Atlantshafið og lýsir fárviðri tilfinninganna sem  
magnast kringum skipstjórnann ógæfusama, Peter Grimes*


## Peter Grimes

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska  
óperan flytja Peter Grimes ásamt alþjóð-  
legum stórsöngvurum í tónleikauppfærslu  
í Hörpu á Listahátíð í Reykjavík

22. maí KL. 19:30 í Eldborg



Stuart Skelton



Susan Gritton




Ólafur K. Sigurðarson



Daníel Bjarnason

Miðasala á [www.harpa.is](http://www.harpa.is)

Frumflutningur á Íslandi



MEINGALDAGI  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Peter Grimes eftir  
Benjamin Britten  
Hljómsveitarstjóri:  
Daníel Bjarnason

Sinfóníuhljómsveit Íslands  
Kór Íslensku óperunnar

Einsöngvarar: Stuart Skelton, Susan Gritton,  
Ólafur Kjartan Sigurðarson, Hanna Dóra  
Sturludóttir, Hallveig Rúnarsdóttir, Lilja Guð-  
mundsdóttir, Snorri Wíum, Viðar Gunnars-  
son, Ingveldur Ýr Jónsdóttir, Garðar Thór  
Cortes, Oddur Arnþór Jónsson & Jóhann  
Smári Sævarsson